

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, Ásmundur Guðmundsson fulltrúi,

Varamenn: Sigurður R. Bjarnason varamaður, Hólmgeir Þórsteinsson varamaður, Steinunn Helgadóttir varamaður og Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir varamaður.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn: Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans og Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskólans.

Sturla Böðvarsson kom á fyrsta fund skólanefndar og ræddi erindisbréf skólanefndar og vék síðan af fundi.

Formaður setti fund kl. 18:00

Dagskrá:

---

1. Bæjarstjóri
  - a. Erindisbréf skólanefndar. Bæjarstjóri fór yfir erindisbréf skólanefndar.
  - b. Sigurður R. Bjarnason spurði út í skólabyggingu og hvort að vinna sem unnin hafði verið áður yrði nýtt. Sturla svaraði fyrirspurn og sagði að vissulega yrði fyrri vinna nýtt eins og hægt væri. Sturla vék síðan af fundi.
2. Kosning ritara
  - a. Formaður stakk upp á að Kristbjörg Hermannsdóttir yrði ritari og ætlar að nefna það við *hana fyrir næsta fund*.
3. Fundartími skólanefndar
  - a. Stungið var upp á að fundartími yrði á miðvikudögum kl. 18, annan miðvikudag í mánuði, þ.e. september, október og nóvember. Samþykkt að hafa sama fyrirkomulag og áður, þ.e einn fundur með leikskóla, einn fundur með grunnskóla og einn sameiginlegan fund.
  - b. Samþykkt að fyrsti fundur yrði sameiginlegur og haldinn þann 10.september.
4. Skýrsla skólastjóra grunnskólans:
  - a. Gunnar bauð nýja nefnd velkomna.
  - b. Gunnar fór stuttlega yfir málefni grunnskólans í skólabyrjun. Hann kom inn á nýjan kjarasamning kennara, nýjar áherslur í stjórnun, breyttar áherslur á vali fyrir eldri nemendur og stuðning við nemendur.
  - c. Nemendur skólans eru 156 talsins.
  - d. Starfsmenn eru 41 og þar af eru 25 kennarar.

- e. Gunnar nefndi nýtingu á íþróttasal. Breytingar hafa verið gerðar á stundatöflu í íþróttahúsi til að koma til móts við mjög mismunandi stóra hópa í árgöngum. Nemendur eru ýmist saman allur bekkurinn eða skipt í íþróttatímum og sundi.
5. Skýrsla skólastjóra leikskólans
- a. Sigrún bauð nýja nefnd velkomna.
  - b. Nemendur á leiksskólanum eru orðnir 69.
  - c. Sigrún fór yfir starfsmannamál skólans.
  - d. Verið er að vinna að skólanámskrá. Bagalegt er að hafa ekki fleiri starfsdaga í leikskólanum.
  - e. Leikskólakennarar gerðu nýja kjarasamninga. Stjórnendur leiksskóla eru með lausa samninga og kjaraviðræður hafa verið í gangi síðan í apríl.
6. Önnur mál
- a. Engin.

Fundargerð var send fulltrúum í tölvupósti og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.00

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, (sign),

Ásmundur Guðmundsson, (sign),

Hólmeir Þórsteinsson, (sign),

Sigurður R. Bjarnason, (sign),

Steinunn Helgadóttir, (sign),

Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir, (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, (sign),